



Þorlákshafnarhöfn

B.t. Benjamíns Þorvaldssonar

Hafnarbakka 8

815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 17. maí 2023

UST202304-287/K.S.B.

08.25.02

## Efni: Umsókn um leyfi til varps dýpkunarefna úr Þorlákshöfn

Vísað er til erindis Hafnarsjóðs Þorlákshafnar, dags. 30. mars 2023, þar sem óskað er eftir leyfi til varps í hafið vegna viðhaldsdýpkana í höfninni. Fram kemur í erindinu að nauðsynlegt sé að dýpka innsiglinguna að höfninni svo hún haldist opin fyrir reglubundnar siglingar flutningsskipanna Akranes, Mistral og Mykenes. Óskað er eftir leyfi til að varpa í hafið 30.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni. Losunarstaðurinn hefur áður verið notaður vegna dýpkana í Þorlákshöfn.

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um framangreint erindi í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umsögn Hafrannsóknastofnunar barst 11. maí sl. þar sem eftirfarandi kemur fram:

*„Gögn sem fylgdu beiðninni sýndu að árið 2006 fór fram ítarleg greining á botndýralífi á svæðinu. Sú rannsókn sýndi að svæðið væri fínn sandur og dýralíf einkenndist af algengum tegundum sem almennt eru talin þolin fyrir sveiflum í umhverfi (skýrsla eftir Sigmar Arnar Steingrímsson). Það voru gerðar mælingar á kornastærð árið 2017. Þá liggja fyrir mælingar á þungmálmum og þrávirkum efnum frá Þorlákshafnarhöfn frá árinu 2001, og benda þau gögn ekki til neinnar mengunar. Umhverfisstofnun gaf síðast út leyfi fyrir sambærilegri losun árið 2019.*

*Byggt á ofangreindum upplýsingum þá er það umsögn Hafrannsóknastofnunar að ólíklegt er að breytingar hafi orðið á botnlífriki á svæðinu á þann hátt að auknar líkur séu á neikvæðum áhrifum af losun efnis. Vakin er athygli á að þær mælingar á þungmálmum og þrávirkum efnum sem fylgja umsókninni eru yfir tuttugu ára gamlar og þær niðurstöður gætu hafa breyst á tímabilinu.*

*Þá er áréttað, í samræmi við fyrri umsagnir, að gæta þarf fyllstu varúðar við efnislosun þannig að hún hafi ekki neikvæð áhrif á nærliggjandi sellátur, sérstaklega þegar selirnir kæpa í maí og júní.“*

Umhverfisstofnun tekur undir athugasemd Hafrannsóknarstofnunar um aldur mælinga á þungmálmum og þrávirkum efnum sem fylgja umsókninni og að framkvæmi þurfi nýjar mælingar áður en næst er sótt um leyfi fyrir varp dýpkunarefni í hafið.

Með hliðsjón af framlögðum gögnum og umsögn Hafrannsóknastofnunar veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til að varpað verði í hafið 30.000 m<sup>3</sup> af dýpkunarefni vegna dýpkunar í samræmi við lýsingu Hafnarsjóðs Þorlákshafnar með eftirfarandi skilyrðum:

- Gæta skal varúðar við efnislosun dýpkunarefnis, þ.e. að hún hafi ekki neikvæð áhrif á sellátur landssels austan og vestan Þorlákshafnar. Sérstaklega þegar selirnir eru að kæpa (maí-júní). Staðsetning selláttra má nálgast í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://selalatur.ni.is/>).
- Halda skal verkskrá um dag- og tímasetningu, hnit og rúmmál varps innan losunarsvæðis og skila til Umhverfisstofnunar innan mánaðar eftir lok verks.

3. Verði fyrirsjáanlegar breytingar á verkinu skulu þær breytingar tilkynntar fyrirfram til Umhverfisstofnunar sem metur hvort þörf er á nýrri umsókn um varp í hafið.

Brot gegn skilyrðum þessum kunna að varða refsíabyrgð samkvæmt 25. gr. 25.gr. a og 26. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllst,

Katrín Sóley Bjarnadóttir  
*sérfræðingur*

Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
*sviðsstjóri*